

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 16. maí 2023
UST202304-179/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Skálmholt, Huldu- og Maríuhólar, íbúðabyggð í Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skálmholt, Huldu- og Maríuhólar, íbúðabyggð í Flóahreppi

Í greinargerð kemur fram í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum. Auk þess eru á svæðinu fjórar frístundalóðir sem breytast í íbúðalóðir, þannig fjöldi íbúðalóða á svæðinu verður 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/ bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps

Í greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir svæðið kemur fram að svæðið er á Þjórsárhrauni sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess segir að við gerð deiliskipulagsáætlana á svæðinu verði hugað að ákvæðum til að vernda sjáanlegan og óraskaðan hluta hraunsins.

Hins vegar er nánast ekkert fjallað um Þjórsárhraunið í deiliskipulagstillögunni eða hugað að ákvæðum til verndunar.

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er orðið vel gróið og líklega sést lítið í jarðmyndanir á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur því undir mikilvægi þess að við valkostagreiningu tillögunnar séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að ofangreind ákvæði séu sett undir markmið og leiðir að markmiðum skipulagstillögunnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

